



261. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, laugardaginn 13. janúar 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

Forföll: Garðar Svansson og Þórey Edda Elísdóttir.

Hafsteinn Pálsson ritari, Ingi Þór Ágústsson og Viðar Garðarsson voru í sambandi í gegnum fundarsíma.

Dagskrá:

1. #Metoo – yfirlýsing íþróttakvenna um kynferðislegt og kynbundið áreiti og ofbeldi

Forseti bauð stjórnarmeðlimi velkomna til þessa aukafundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ í kjölfar yfirlýsingar íþróttakvenna 11. janúar sl. um kynferðislegt og kynbundið áreiti og ofbeldi. Forseti rifjaði upp innihald yfirlýsingarinnar og yfirlýsingar ÍSÍ sem birt var degi síðar.

Með yfirlýsingu íþróttakvennanna voru birtar 62 frásagnir sem lýsa kynbundinni mismunun, kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi gegn konum. Í yfirlýsingu kvennanna er kallað eftir breytingum og þess krafist að málið sé tekið föstum tókum og að öll íþróttafélög, sérsambönd, þjálfarar og aðrir innan íþróttanna líti í eigin barm og lofi stúlkum og konum breytingum til frambúðar. Þess er krafist að umhverfi íþróttanna breytist, að konum sé gert kleift að segja frá ofbeldi án þess að það komi niður á framtíðarmöguleikum þeirra innan íþróttarinnar og að á þær sé hlustað, með þeim sé staðið og að þeim sé trúað. Þess er krafist að þær geti stundað íþróttir án þess að verða fyrir ofbeldi eða áreitni. 462 íþróttakonur skrifa undir yfirlýsinguna undir nafni.

ÍSÍ sendi frá sér eftirfarandi yfirlýsingu í gær 12. janúar:

Yfirlýsing frá Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) harmar mjög að einstaklingar innan vébanda þess hafi þurft að þola ofbeldi í tengslum við íþróttastarf. ÍSÍ fordæmir með öllu allt ofbeldi í starfsemi íþróttahreyfingarinnar enda er slík hegðun óásættanleg og ólíðandi.

Umræðan sem fram hefur farið um allan heim undir merkinu #metoo hefur beint athyglinni að víðfeðmu ofbeldi gagnvart konum um allan heim og þá oft í krafti valds eða stöðu þess sem því beitir.

ÍSÍ fagnar þeirri umræðu sem fylgt hefur #metoo herferðinni og þakkar þeim einstaklingum sem þar hafa komið fram með frásagnir sínar fyrir frumkvæðið og hugrekkið sem þeir hafa sýnt, með því að skýra frá þessum alvarlegu málum og vekja upp nauðsynlega umræðu um vandann. ÍSÍ er nú að leita leiða til að tryggja þeim sem orðið hafa fyrir alvarlegu ofbeldi í tengslum við íþróttastarf faglega aðstoð.

Það er og hefur verið markmið íþróttahreyfingarinnar að tryggja öryggi, jafnrétti og jafnræði þeirra sem iðka og starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þau skilaboð sem fram hafa komið með

frásögnum íslenskra kvenna um ofbeldi innan hreyfingarinnar á Íslandi hafa sýnt að ástæða er til að gera betur.

Íþróttahreyfingin mun ekki sitja aðgerðarlaus hjá varðandi þann vanda sem birst hefur gegnum #metoo herferðina og er þegar hafin vinna við að móta aðgerðir sem gagnast geta hreyfingunni í baráttunni gegn ofbeldi.

Skilaboðin eru einföld: Ofbeldi verður ekki liðið!

Forseti greindi frá fundi sem hann sótti í mennta- og menningarmálaráðuneytinu með ráðherra og fulltrúum ráðuneytis, UMFÍ og íþróttakvennanna sem rituðu yfirlýsinguna. Ráðuneytið mun skipa starfshóp á næstu vikum sem ÍSÍ mun tilnefna fulltrúa fulltrúa í og verður ætlað að vinna útfærslu á aðgerðum og framkvæmd þeirra, sem koma í veg fyrir kynferðislega og kynbundna áreitni, ofbeldi og einelti og ekki síst hvernig viðbrögðum við slíkum brotum þar sem hagsmunum brotþola sé gætt í hvívetna. Forseti skýrði frá því að á þeim fundi hafi hann lýst því yfir að ÍSÍ muni aðstoða þá þolendur, sem þarna hafa stigið fram af hugrekki og skýrt frá ofbeldi og áreitni, við að fá faglega aðstoð við að vinna úr sínum málum.

Framkvæmdastjóri skýrði frá vinnu Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ undanfarin ár við gerð fræðsluefnis fyrir íþróttahreyfinguna í forvarnarskyni gegn ofbeldi og kynferðislegu áreitni. Á heimasíðu ÍSÍ er að finna mikið efni sem nýst getur hreyfingunni ef mál af þessu tagi koma upp og eins í forvarnarskyni. Nefna má meðal annars lög ÍSÍ, siðareglur, hegðunarviðmið, reglur um keppnisferðir, fararstjóranámskeið, viðbragðsáætlun, bæklinginn Kynferðislegt ofbeldi í íþróttum, fræðslu í námsefni þjálfaramenntunar ÍSÍ og leiðbeiningar vegna uppflettingar í sakaskrá, sem dæmi um fræðslutengt efni og reglur sem nýtast í baráttunni gegn ofbeldi og kynferðislegri áreitni. Einnig nefndi framkvæmdastjóri það skilyrði fyrir gæðastimplinum Fyrirmyndarfélag og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ að viðkomandi eining eigi sér stefnu og viðbragðsáætlun hvað varðar annars vegar einelti og hins vegar kynferðislegt ofbeldi.

Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri skýrði frá því að unnið væri að því að staðfæra og texta stutt norsk fræðslumyndbönd sem nota á sem kveikjur til umræðu t.d. í þjálfaramenntun og annars staðar þar sem umræður skapast um samband iðkenda og þjálfara. Einnig er verið vinna flettlugga á heimasíðu ÍSÍ með efni sem m.a. er fengið frá Norska íþrótt- og Ólympíusambandinu og svara á ýmsum algengum spurningum um kynferðislega áreitni og ofbeldi og viðbrögðum ef mál koma upp.

Forseti lagði áherslu á að fræðsla sé lykillinn í að bæta íþróttahreyfinguna og auka öryggi iðkenda og allra þeirra sem starfa í hreyfingunni. Koma þarf skýrt fram í öllu starfi hreyfingarinnar að niðurlægjandi, kynbundin framkoma og ofbeldi líðist ekki. Hann sagði ljóst að gott fræðsluefni sé til staðar en finna þurfi leið til að koma því betur til skila svo hreyfingin sé meðvituð um það og nýti sér það í starfinu.

Miklar umræður sköpuðust um ýmsa þætti er tengjast þessu málefni og lögðu fundarmenn margt til málanna varðandi verkefnin sem framundan eru. Ræddar voru leiðir og hugmyndir til úrbóta og áhersluþættir.

Fundarmenn voru sammála um eftirfarandi áhersluatriði:

- Að tryggja aðstoð til þolenda.
- Að tryggja leiðir fyrir þolendur til að tilkynna um brot í hreyfingunni og rétt viðbrögð þeirra sem treyst er fyrir upplýsingunum, ef ekki er um fagaðila að ræða.
- Að koma betur á framfæri verkferlum fyrir íþróttafélög til að styðjast við ef brot eru tilkynnt til eininga innan hreyfingarinnar.
- Að fræða iðkendur, þjálfara, starfsfólks, stjórnenda og sjálfboðaliða.
- Að koma á framfæri fræðsluefni um málefnið þannig að það skili sér til allra í hreyfingunni.
- Að hvetja til þess að allar einingar í hreyfingunni setji sér siðareglur og hegðunarviðmið.
- Auka og bæta faglegt starf í íþróttahreyfingunni.

Forseti ítrekaði að áhrif #metoo umræðunnar væru afar jákvæð og ættu eftir að breyta mörgu til betri vegar í samfélaginu. Stór hluti af vandanum hingað til væri sú staðreynd að þolendur sögðu ekki frá og því hefur vandamálið ekki komið upp á yfirborðið af þunga fyrir en nú. Það þyrfti því að grípa til aðgerða sem auðvelda þolendum ofbeldis að upplýsa um brotin og tryggja þeim faglegra aðstoða. Hann minnti fundarmenn einnig á að það er unnið frábært starf í íþróttahreyfingunni alla daga og með örfáum undantekningum er hreyfingin skipuð góðu fólki með gott eitt í huga. Eitt ofbeldisverk er hinsvegar einu of mikið og við þarf að bregðast með afgerandi hætti. Skilaboð ÍSÍ voru sett fram með skýrum hætti í yfirlýsingunni sem gefin var út: Ofbeldi verður ekki liðið!

Hann þakkaði fundarmönnum skjót viðbrögð við fundarboði og góðan fund. Hann sagði mikla vinnu framundan við að bæta samskipti og menningu, fræða og skerpa á regluverkinu öllu, ekki bara hjá íþróttahreyfingunni heldur þjóðfélaginu öllu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.